

# Áveitan

8. tbl. 7. árgangur. Ágúst 2013

## Flóamótið

Föstudaginn 30. ágúst næstkomandi fer Flóamótið í fram á íþróttavellinum við Þjorsárver og hefst að lokinni kennslu í Flóaskóla. Ungmennfélögin Baldur, Samhygð og Vaka standa fyrir mótinu og er öllum börnum á grunnskólaaldri í Flóahreppi boðið að taka þátt og spreyta sig í skemmtilegri frjálssíþróttakeppni.

Keppt mun verða í eftirfarandi greinum:

1.-4. bekkur: 60 m hlaup, langstökk, 400 m hlaup.

5.-7. bekkur: 60 m hlaup, langstökk, kúluvarp, 400 m hlaup.

8.-10. bekkur: 100 m hlaup, langstökk, kúluvarp, 800 m hlaup.

Foreldrar eru hvattir til að fylgja börnum sínum á mótið, þeim til stuðnings og hvatningar. Sérstaklega er þess óskað að foreldrar í 1.-4. bekk fylgi sínum börnum eftir. Börnin taka þátt í mótinu á ábyrgð foreldra sinna ekki ungmennafélaganna. Að keppni lokinni verður öllum keppendum veitt viðurkenning og boðið verður upp á hressingu. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta svo mótið verði fjölmennt og skemmtilegt.

Ungmennafélögin

## Samhygðar- og Vökumótið 2013

Sunnudaginn 25. ágúst fer Samhygðar- og Vöku mótið í frjálsum íþróttum fram á Íþróttavellinum við Þjorsárver. Keppni hefst kl. 13:00 stundvíslega og verða keppnisgreinar sem hér segir:

Konur: 100 m, langstökk, hástökk, kúluvarp, spjót kast og 800 m.

Karlar: 100 m, langstökk, hástökk, kúluvarp, kringlukast og 800 m.

Að móti loknu verður verðlaunaafhending og kaffiveitingar. Við hvetjum alla til að reima á sig skóna og taka þátt á þessu skemmtilegasta frjálssíþróttamóti sumarsins og jafnframt eru allir áhugasamir hvattir til að koma og horfa á mótið og jafnvel hjálpa til við mælingarnar. Skráning fer fram á staðnum ☺

Umf. Vaka



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### Leikskólinn Krakkaborg

Vinnuhópur um framkvæmdir við leikskólann Krakkaborg hefur fundað í nokkur skipti til að skoða hugmyndir um uppbyggingu leikskólans við Þingborg.

Í vinnuhóp eiga sæti Aðalsteinn Sveinsson oddviti, Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri, Hallfríður Aðalsteinsdóttir og Rannveig Bjarnfinnsdóttir fulltrúar starfsmanna leikskóla, Ingunn Jónsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Elín Höskuldsdóttir fulltrúi fræðslunefndar. Halla Reynisdóttir hefur setið nokkra fundi nefndar í forföllum Elínar og Margrét Sigurðardóttir hefur verið starfsmaður nefndarinnar.

Jón Friðrik Matthíasson frá teiknistofunni M2 hefur unnið drög að grunnteikningum viðbyggingar við leikskólann og breytingartillögur á eldra húsnæði til samræmis við hugmyndir starfsfólks leikskóla um viðbyggingu og endurbætur.

### Vinnuskóli Flóahrepps

Unglingar í vinnuskóla sveitarfélagsins hófu störf 3. júní s.l. undir stjórn þeirra Hauks Gíslasonar og Birgittu Sigurðardóttur. Þeirra vinnu lauk 18. júlí með sundferð, bíóferð og pizzaveislu á Selfossi.

Þau hafa áorkað miklu til fegurunar og snyrtingar í sveitarfélaginu þrátt fyrir mikla rigningartíð og má sem dæmi nefna að þau hafa gengið með helstu vegum sveitarfélagsins og týnt rusl, snyrt í kringum félagsheimili og skóla, verið í málningarvinnu og margt fleira. Unglingarnir fá bestu meðmæli frá Hauki og Birgittu og eru þeim færðar þakkir fyrir góð og vönduð störf í sumar.

### Samningur um talþjálfun leik- og grunnskólabarna

Sveitarstjórn hefur samþykkt að gera samning við Hólmsfríði Árnadóttur talmeinafræðing um talþjálfun fyrir leik- og grunnskólabörn í Flóahreppi. Þetta er þjónusta sem ekki hefur áður verið í boði í sveitarfélaginu og á að öllum líkindum eftir að koma sér vel.

## **Matráður fyrir leik- og grunnskóla**

Sveitarstjórn hefur samþykkt að ráða matráð í 100% stöðu fyrir leik- og grunnskóla. Matráður mun hafa aðstöðu í Þjórsárveri og eldað verður fyrir báða skólana þar. Matur fyrir leikskólann verður keyrður frá Þjórsárveri í Þingborg. Samþykkt var að ráða matráð til reynslu í eitt ár.

## **Þjórsárver, framkvæmdir**

Miklar framkvæmdir standa nú yfir í eldhúsi Þjórsárvers. Verið er að smíða nýjar innréttingar, skipta um klæðingar á lofti, flota og leggja dúk á gólfíð, mála vegg og setja upp nýja viftu. Framkvæmdum verður lokið áður en skóli hefst að nýju í haust.

Aðrar framkvæmdir sumarsins sem standa fyrir dyrum eða er nú þegar lokið er flísalögn á palli við andyri Þingborgar, gólfdukaskipti í eldhúsi félagsheimilisins Þingborgar og jarðvegsskipti á lóð leikskólans. Verið er undirbúa endurnýjun á þaki Félagslundar og þök Flóaskóla verða máluð.

## **Upplýsingaskilti, Flóaáveitan**

Upplýsingaskilti við Flóðgátt er nú lokið en eftir er að koma því fyrir við Flóðgátt. Margrét Sveinbjörnsdóttir hjá Brúarsmiðjunni annaðist heimildaöflun, textagerð og umsjón, Port hönnun sá um hönnun skiltis, Lingua Norðan Jökuls annaðist þýðingu á texta og Merking ehf sá um prentun og skiltagerð.

## **Innréttingar til sölu**

Óskað er eftir tilboði í innréttingar úr eldhúsi Þjórsárvers. Allar nánari upplýsingar veitir Rúnar Magnússon húsvörður í síma 898-2554.

## **Álagningarskrá**

Álagningarskrá einstaklinga árið 2013 liggur frammi á skrifstofu Flóahrepps til og með 8. ágúst næstkomandi á opnunartíma skrifstofunnar.

## **Bowen**

Verð í sumarfrí til 1. september.

*Didða, bowentæknir Vatnsholti*

## Frá Umf. Vöku:

### Hjólarallý 2013

Fimmtudagskvöldið 8. ágúst verður hið geisivinsæla hjólarallý Umf. Vöku haldið í Breiðholtsgrýfjunum við Hurðarbaksveg. Keppnin er opin öllum krökkum og í ár verður vegna fjölda áskoranna einnig boðið upp á keppni í fullorðinsflokki. Keppendur þurfa að fara í gegnum þrjár brautir sem allar reyna á hraða, leikni og þor og heyrst hefur að torfærubrautin í ár verði enn svaðalegri en í fyrra. Að sjálfsögðu er hjálmaskylda í keppninni til þess að stuðla að öryggi keppenda. Ungmennafélagið verður með sjoppu á staðnum og lofað er miklu fjöri. Þess má geta að allir þátttakendur fá viðurkenningu fyrir þátttökuna. Hlökkum til að sjá sem flesta, hvort sem þeir ætla að keppa eða sýna hugdjörfum hjólaköppunum stuðning!

Umf. Vaka

### Ungmennafélagsreiðtúrinn

Nú er komið að því sem allir hestamenn hafa beðið eftir en það er auðvitað ungmennafélagsreiðtúr Umf. Vöku. Hann mun að þessu sinni fara fram sunnudaginn 1. september. Að þessu sinni á að hittast við Þjórsárver kl 13:30 og ríða sem leið liggur að Þingdalsafleggjaranum og upp að Þingdal (hægt verður að bætast í hópinn við afleggjarann um 14:00). Búið er að opna nýja leið frá Þingdal yfir í Egilsstaðahverfið og verður hún könnuð í reiðtúrnum. Frá Egilsstaðahverfinu verður riðið aftur upp í Þjórsárver og þaðan hver til síns heima. Þessi hringur ætti að vera fær öllum aldurshópum og þjálfuðum jafnt sem óþjálfuðum hrossum. Stoppað verður á leiðinni til að borða nesti en það verður hver og einn að koma með fyrir sig. Vonumst til að sjá sem flesta því eins og við vitum þá er maður manns gaman.

Skemmtinefnd

## Árangur íþróttamanna Umf. Vöku framan af sumri

### Bjarni Már Ólafsson:

Vormót HSK - 19. maí.2013

Þristökk: 1.sæti 13,67 m

JJ-mót Ármanns - 22. maí.2013

Langstökk: 5.sæti 6,00 m

Innanfélagsmót HSK - 1.júní.2013

Þristökk: 1.sæti 13,17 m

Kúluvarp: 3.sæti 9,73 m

### Innanfélagsmót HSK - 6.júní.2013

Þrístökk:	1.sæti	13,64 m
Langstökk:	3.sæti	6,25 m

### Innanfélagsmót Selfoss - 11. júní.2013

Þrístökk:	1.sæti	13,30 m
Hástökk:	2.sæti	1,65 m
Kringlukast:	5.sæti	25,55 m

### Innanfélagsmót HSK - 23. júní.2013

Þrístökk:	1.sæti	13,78 m
-----------	--------	---------

### Innanfélagsmót HSK - 30. júní.2013

Þrístökk:	1.sæti	14,09 m (vökumet)
100m hlaup;	1.sæti	11,78 sek

## **Haraldur Einarsson:**

### Vormót HSK - 19. maí.2013

100m hlaup:	1.sæti	11,33 sek
300m hlaup:	1.sæti	41,65 sek
800m hlaup:	2.sæti	3:34,59 mín

### JJ-mót Ármanns - 22. maí.2013

100m hlaup:	3.sæti	11,24 sek
-------------	--------	-----------

### Innanfélagsmót HSK - 6. júní.2013

100m hlaup:	1.sæti	11,2 sek
Hástökk:	3.sæti	1,70 m
Langstökk:	1.sæti	6,36 m

### Júnímót UFA - 7. júní.2013

100m hlaup:	2.sæti	11,42 sek
300m hlaup:	1.sæti	36,79 sek (vökumet)

### Innanfélagsmót Selfoss - 11. júní.2013

Þrístökk:	2.sæti	13,14 m
Hástökk:	3.sæti	1,60 m

### Vormót ÍR - 12. júní.2013

100m hlaup:	5.sæti	11,73 sek
-------------	--------	-----------

### Innanfélagsmót HSK - 30. júní.2013

Þrístökk:	2.sæti	13,10 m
Kúluvarp:	2.sæti	10,56 m

## Frábær árangur Vökumanna á landsmóttinu á Selfossi

27. landsmót umfi fór fram á Selfossi dagana 5. – 7. júlí síðastliðinn. Vaka átti bæði galvaska keppendur og starfsmenn á móttinu sem stóðu sig vel. Hér birtast úrslit okkar fólks:

### Dráttarvélaakstur

Jón Valgeir Geirsson	1. sæti	82,5 stig	Landsmótsmeistari
Sigmar Örn Aðalsteinsson	3. sæti	80,0 stig	

### Jurtagreining

Kristín Stefánsdóttir	2. sæti	1 villa
Kolbrún Júlíusdóttir	7. sæti	7 villur

### Lagt á borð

Guðmunda Ólafsdóttir	2. sæti	54,00 stig
Oddný Ása Ingjaldsdóttir	4. sæti	51,67 stig

### Pönnukökubakstur

Fanney Ólafsdóttir	3. sæti	94 stig
Eydís Lilja Eiríksdóttir	5.-6. sæti	87 stig

### Starfshlaup

Pórir Haraldsson	2. sæti	210 stig
Haraldur Einarsson	12. sæti	164 stig

### Frjálsar

	Grein	árangur	sæti
Rúnar Hjálmarsson	Kringlukast	33,27m	9.
	400m grind	74,94sek	3.
Bjarni Már Ólafsson	Langstökk	6,65m	3.
	Spjótkast	43,11m	5.
	Þristökk	14,08m	2.
Haraldur Einarsson	400m hlaup	51,77sek	2.
	100m hlaup	11,24sek	6.
	Þristökk	13,44m	4.

Ægir Atlason var í sigurliði HSK í fimleikum karla.

### Glíma – konur flokkur -65kg

Guðrún Inga Helgadóttir	2 vinningar	1. sæti
Dagbjört Henný Ívarsdóttir	0 vinningar	3. sæti

Þess ber að geta að HSK sigraði heildarstigakeppni mótsins og einnig allar sérgreinarnar sem Vökumenn áttu þátttakendur í. Við óskum öllum Skarphéðinsmönnum til hamingju með árangurinn!

## Síðasta frjálsíþróttæfing sumarsins

Frjálsíþróttæfingar Þjótanda á vellinum við Þjórsárver hafa farið vel fram í sumar og nú þegar sumri er tekið að halla er komið að því að auglýsa síðustu æfingu sumarsins. Síðasta æfingin mun fara fram mánudaginn 26. ágúst kl 19:30 - 20:30. Þar verða veittar viðurkenningar fyrir sumarið og farið verður í leiki og fleira skemmtilegt. Allir sem hafa verið að mæta á æfingar í sumar eru hvattir til að koma og kveðja sumarið með stæl. Ég minni þó á að nóg er eftir af hefðbundnum mánudagsæfingum fram að lokaæfingunni og það er vonandi að mætingin haldi áfram að vera góð út ágúst.

Guðmunda Ólafs.

## Pistillinn

Takk elsku Sigrún mín fyrir að treysta mér fyrir þessu mikilfengna hlutverki. Fyrir ykkur sem þekkið mig ekki þá heiti ég Sigurbára Rúnarsdóttir og er ættuð frá Klauf í Vestur-Landeyjum. Ég bý á Langsstöðum með mínum ekta manni Einari Hjálmarssyni og tveimur sonum, Ævari Erni og Kára. Af því að það var nú hún Sigrún Helgadóttir sem skoraði á mig þá finnst mér einkar viðeigandi að tala um brussuskap (mailið hennar er hellanidur@gmail.com). Frá blautu barnsbeini hef ég verið mikil brussa og held að það sé jafnvel ekki tilviljun að ég sé uppalin á bæ sem heitir Klauf. Um klaufaskap minn er hægt að skrifa ábyggilega heila bók ef út í það er farið. Sem dæmi má nefna að eitt sinn gekk ég inn í Sjafnarblóm til þess að kaupa eina litla gjöf. Meðan verið var að pakka inn gjöfinni þá ákvað ég að skoða mig aðeins um. Sé ég ekki þennan fallega lampa í glugganum og ákveð að kveikja á honum...það vill nú ekki til betur en svo að ég með mína smáu handleggi hendi niður nokkrum stytum, eins og einum kertastjaka og ég held að örfáar skálar hafi fengið að fylgja með. Ég tek upp eitt brotið af gólfinu og kiki á verðmiðann... 7.900.-. ÚPPS.

Einnig hefur mér tekist að fá keppnisspjót á frjálsíþróttæfingu í lærið. Ég hef klemmt bakið á mér á sólskálalurð og eitt sinn brenndist ég í andliti við að brenna rusl út á fjöru. Andlitið fékk frekari útreið þegar ég hljóp líka á gaddavír einn daginn. Venjulegur dagur hjá mér er þannig að ég reyni að klæðast hentugum fötum sem auðvelt er að strjúka af. Ég hef verið að leita mér að fullorðins stútkönnu um hríð og allar ábendingar um slíkt eru vel þegnar. Staðreyndin er að ég helli niður að meðaltali tvisvar á dag og klaufaskapurinn tekur engan enda. Brussuskapur fer ekki eftir stærð sjáid þið til. En nóg um mig í bili. Hef ég ákveðið að senda þennann á eina sem hefur eflaust frá einhverju skemmtilegu að segja og er það hún Ingunn í Hallanda☺  
Sigurbára Rúnarsdóttir

## Vestmannaeyjaferð

Kirkjukór Villingaholts- og Hraungerðissóknar og Búnaðarfélag Hraungerðis- og Villingaholtshrepps hafa ákveðið að fara skemmtiferð til Vestmannaeyja laugardaginn 17. ágúst ef næg þátttaka næst. Lagt verður af stað kl 8 frá Þjórsárveri og 8:15 frá Þingborg og farið í fyrstu ferð með Herjólfí kl. 10. Rútan mun fylgja okkur til eyjanna og munum við keyra um, skoða okkur um í bænum, kíkja á söfn og fleira skemmtilegt. Farið verður með Herjólfí til lands kl 17:30 og þá keyrt austur í „Gamla fjósið“ að Steinum og borðað. Ferðin verður styrkt af kirkjukórnum og búnaðarfélagunum.

Þeir sem ætla í ferðina eru beðnir að tilkynna þátttöku í

Reynir á Hurðarbaki. 486 3345

Einar á Urriðafossi 486 5590

Gísla á Stóru-Reykjum 482 1017

Fyrir sunnudagskvöld 11. ágúst.

## Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing við Þjórsárver	5. ágúst
Leikjakvöld í Einbúa	7. ágúst
Hjólalally Umf. Vöku	8. ágúst
Íþróttæfing við Þjórsárver	12. ágúst
Leikjakvöld í Einbúa	14. ágúst
Ferð til Vestmannaeyja	17. ágúst
Íþróttæfing við Þjórsárver	19. ágúst
Leikjakvöld í Einbúa	21. ágúst
Samhygðar- og Vökumót	25. ágúst
Íþróttæfing við Þjórsárver	26. ágúst
Leikjakvöld í Einbúa	28. ágúst
Flóamótið	30. ágúst
Ungmennafélagsreiðtúr Vöku	1. september



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160